

Dýrfiskur hf.
Hafnarhúsinu
460 Tálknafirði

Reykjavík, 14. nóvember 2014
Tilvísun: 201311037

Efni: Framleiðsla á 4.000 tonnum af regnbogasilungi í Borgarfirði, Trostansfirði og Lækjarbót - ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun um framleiðslu á 4.000 tonnum af regnbogasilungi í Borgarfirði, Trostansfirði og Lækjarbót.

Teiknistofan Eik ehf., f.h. Dýrfisks hf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 13. mars 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

Dýrfiskur hf. Framleiðsla á 4.000 tonnum af regnbogasilungi í Borgarfirði og Trostansfirði Teiknistofan Eik ehf., 13. mars 2014.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 11. apríl 2014, Vesturbyggð með tölvupósti dags. 21. maí 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 11. apríl 2014, Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 16. apríl 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 4. apríl 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 23. apríl 2014, Orkustofnun með bréfi dags. 25. apríl 2014, Samgöngustofu með bréfi dags. 28. apríl 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. júlí 2014 og Veiðimálastofnun með bréfi dags. 14. apríl 2014. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 18. maí 2014 og 23. október 2014.

Þann 19. maí 2014 tilkynnti framkvæmdaraðili um breytingu á upphaflega kynntri framkvæmd sem felst í að bæta þriðja eldissvæðinu við utarlega í norðanverðum Arnarfirði, kennt við Lækjarbót. Markmiðið með þessari breytingu er að auka sveigjanleika í eldinu, draga úr umhverfisáhrifum og að koma til móts við hagsmunaaðila vegna þeirra athugasemda sem þá höfðu komið fram við tillögu að matsáætlun.

Skipulagsstofnun óskaði frekari umsagna vegna kynntra breytinga á framkvæmd hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Fiskistofu,

Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 16. júní 2014, Vesturbyggð með tölvupósti dags. 21. maí 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 26. maí 2014, Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 3. júní 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 27. maí 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 30. maí 2014, Samgöngustofu með bréfi dags. 28. maí 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. maí 2014. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 23. október 2014.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Dýrfisks hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Dýrfiskur setti fram í bréfi dags. 18. maí 2014 og 23. október 2014 og með eftirfarandi athugasemdum.

Skipulagsmál

Í kafla 2.5.1 kemur fram að staðsetning eldissvæða séu um 150 metra frá landi og falli því ekki undir skipulagslög. Fyrirhuguð eldissvæði séu skilgreind sem slík í nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar sem sveitarfélag á Vestfjörðum samþykktu haustið 2013.

Fóður

Í kafla 3.3 er fjallað um fóðurnotkun vegna eldisins. Fram kemur að áætlað sé að fóðurstuðull verði 1,15. Skipulagsstofnun telur eðlilegt með tilliti til fóðurnotkunar að gerð verði grein fyrir reynslu af starfsemi Dýrfisks fram til þessa og í frummatsskýrslu þarf að koma fram hver fóðurstuðullinn er í raun.

Kvíar og netpokar

Í kafla 3.6 er fjallað um sjókvíar og annan búnað. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig staðið verði að hreinsun á kvíum og netpokum að lokinni hverri eldislotu og hvaða varnarefni verða notuð, ef ætlunin er að nota slíkt.

Eldissvæði í Borgarfirði

Hafrannsóknastofnun gerir verulegar athugasemdir við fyrirhugað eldi í Borgarfirði og hefur áður vísað frá erindum vegna eldisáforma þar vegna rannsóknahagsmuna stofnunarinnar, veiðihagsmuna rækjuútgerða og umhverfisskilyrða. Í umsögninni kemur fram að í Borgarfirði hafi verið megin útbreiðslusvæði rækju í Arnarfirði síðasta áratuginn. Upplýsingar um strauma í Borgarfirði liggja ekki fyrir, en vatnsskipti séu heft af tveimur þröskuldum sem geti valdið því að súrefni verði af skornum skammti í neðri lögum sjávar í Borgarfirði. Þá vísar Hafrannsóknastofnun ennfremur til þess að mikilvægar upplýsingar vanti um vatnsskipti og súrefnismettun í firðinum. Bæjarráð Vesturbyggðar gerir einnig athugasemd við staðsetningu fyrirhugaðs eldis í Borgarfirði á þeim forsendum að þar séu uppeldisstöðvar og veiðisvæði rækju.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að nýtingaráætlun hefur verið gerð fyrir Arnarfjörð og hún samþykkt af Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppi og Ísafjarðarbæ en einnig hafi hún verið send fjölmörgum stofnunum til umsagnar, þar á meðal Hafrannsóknastofnun, Umhverfisstofnun og Fiskistofu. Fyrirhuguð eldissvæði Dýrfisks í Arnarfirði eru skilgreind sem fiskeldissvæði í nýtingaráætluninni.

Burðarþol og samlegðaráhrif

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu og Umhverfisstofnunar er lögð áhersla á að burðarþolsmat verði unnið fyrir fyrirhuguð eldissvæði þar sem gerð er grein fyrir núverandi og

fyrirhuguðu eldi í Arnarfirði. Fiskistofa bendir á að nýtt lagafrumvarp [nú lög nr. 49/2014] geri ráð fyrir því að fleiri en ein staðsetning kvíapýrpinga geti verið á hverju skilgreindu sjókvíaldissvæði ef eldisfiskar eru af sömu kynslóð. Fiskistofa hvetur þannig fyrirtækin sem hyggjast stunda sjókvíaldi í Arnarfirði að koma sér saman um sameiginlegt umhverfismat og samræmda kynslóðaskipta framleiðsluáætlun. Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Dýrfiskur taki heilshugar undir þessi viðhorf Fiskistofu og muni beita sér fyrir því að eiga gott samstarf við hagsmunaaðila, bæði hvað varðar umhverfismat og skipulag eldisins þannig að umhverfisáhrif og sjúkdómaáhætta verði sem allra minnst.

Fiskistofa leggur áherslu á að gert verði burðarþolsmat og sjókvíaldissvæði í firðinum skilgreind með vísindalegum hætti. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Dýrfiskur mun gera víðtæka úttekt á áhrifum eldisins og er fyrirtækið tilbúið til að vinna náið með öðrum hagsmunaaðilum við slíkar rannsóknir. Rannsóknáætlunin verði kynnt í frummatsskýrslu og mun umfang eldisins að lokum ákvarðast af niðurstöðum matsins. Þá muni Dýrfiskur hf. leita eftir samstafi vegna nauðsynlegra rannsókna vegna umhverfismatsins. Nú þegar séu hafnar rannsóknir á lagskiptingu og súrefnisbúskap Arnarfjarðar og fyrirhugað er að leita til Náttúrustofu Vestfjarða um botndýrarannsóknir. Hefja eigi samstarf við Hafrannsóknastofnun um hafstrauma og leita á leiða til að gera burðarþolsmat fyrir fiskeldi í Arnarfirði. Í frummatsskýrslu verði stuðst við fyrirliggjandi rannsóknargögn en nýrra gagna aflað eftir þörfum. Fyrir liggja viðtakamat fyrir sunnanverðan og ytri hluta Arnarfjarðar (Johnsen & Tveranger, 2011). Í þeirri rannsókn hafi ekki verið sérstaklega skoðað burðarþol Borgarfjarðar, sem er mikilvægur hluti fjarðarkerfisins. Framkvæmdur verði útreikningur á burðarþoli Borgarfjarðar og Trostansjarðar og er fyrirhugað að nýta til þess burðarþolslíkanið Ancylus FjordEnv 4.0. Rannsóknarniðurstöður um jarðfræði, landslag, öldufar og ástand og eðlisþætti sjávar verður nýtt til útreikninga á burðarþoli. Viðbótargagna um lífræna ákomu frá búsetu við Arnarfjörð og annarri starfsemi í firðinum verður einnig aflað.

Skipulagsstofnun bendir á að í nýjum lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (nr. 49/2014) er ætlað að auka öryggi í fiskeldi og stuðla að ásættanlegri stöðu umhverfisáhrifa frá eldinu. Skilyrði um að leyfisumsókn fylgi mat á burðarþoli, sem framkvæmt hefur verið af Hafrannsóknastofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir, gerir meiri kröfur en áður til rekstrarleyfishafa um upplýsingar varðandi þau áhrif sem eldið hafi á lífríkið (sbr. athugasemdir við stjórnarfrumvarpið, III. Meginefni frumvarpsins, 2. liður). Skilgreining laganna á burðarþoli er eftirfarandi:

Mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Skipulagsstofnun bendir á að markmið laga um mat á umhverfisáhrifum er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif skal hafa farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Þegar sótt er um leyfi fyrir slíkri framkvæmd í fiskeldi skal fylgja afrit af álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og er ein forsenda leyfisveitingarinnar. Því er rétt og eðlilegt að málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum leiði í ljós hvaða áhrif viðkomandi eldi hafi á lífríki og hvort viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Skipulagsstofnun lítur svo á að burðarþolsmat sem Dýrfiskur hf. boðar verði lagt til grundvallar mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og um það verði fjallað í frummatsskýrslu, enda verður álit Skipulagsstofnunar og burðarþolsmat m.a. forsenda þess að leyfi verði veitt fyrir því að framleiðslan hefjist. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum burðarþolsmatsins sem geri jafnframt ráð fyrir samlegð með öðru eldi sem þar hefur verið leyft eða er fyrirhugað og annarri mengandi


starfsemi í fjórðunum. Skipulagsstofnun áréttar skv. framangreindum ákvæðum laga um fiskeldi þarf burðarþolsmatið að vera unnið af Hafrannsóknastofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir.

Laxalús og fisksjúkdómar

Í kafla 3.2.1.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að gert verði mat á sjúkdómahættu fyrir villta íslenska laxfiskastofna. Skipulagsstofnun telur tilefni til að áréttar frekar þennan þátt og fer fram á að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hvernig kynslóðaskiptu eldi og hvíld eldissvæða Dýrfisks verður háttáð með tilliti til annars fiskeldis í Arnarfirði og hvernig tryggja á samhæfða eldisferla óskyldra aðila í firðinum, til að lágmarka smithættu milli eldissvæða til framtíðar. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gerð verði spá um mögulega dreifingu smits frá eldissvæðum í Arnarfirði sem hægt verði að nota til að bregðast markvisst við ef sjúkdómar eða lúsaplága komi upp í laxeldi í firðinum. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir líklegri dreifingu smitsjúkdóma frá eldissvæðum Skipulagsstofnun bendir á þá staðreynd að lúsasmit hefur fundist í eldi Fjarðalax í Fossfirði í Arnarfirði, sem var yfir viðmiðunarmörkum sem norsk stjórnvöld setja sjókvíaeldi þar í landi.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 má framkvæmdaraðili kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. desember 2014.

Rut Kristinsdóttir



Valur Klemensson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Dýrfiskur hf. og Teiknistofan Eik ehf., Ísafjarðarbær, Vesturbyggð, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun, Veðimálastofnun

Skipulagsstofnun